

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
B.t. fjárlaganefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2023

## Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028, 894. mál


Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni fjárlaganefndar, dags. 31. marz sl., um ofangreint mál, á þingskjali 1398.

FA tekur undir nauðsyn þess að sýnt sé aukið aðhald í ríkisfjármálum og dregið úr hallarekstri ríkissjóðs, ekki sízt í því skyni að styðja við viðleitni Seðlabankans til að ná niður verðbólgu, sem mælist nú sú mesta í meira en áratug. Félagið telur hins vegar alltof lítið að gert á útgjaldahlíð ríkissjóðs og lýsir vonbrigðum og furðu yfir þeim fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar að hækka tekjuskatt fyrirtækja tímabundið á næsta ári.

Félagið telur fremur ástæðu til að létta sköttum og álögum af fyrirtækjum, til dæmis með því að efna marggefin fyrirheit um að tryggingagjald lækki til samræmis við það sem það var fyrir bankahrun. Sá skattur, sem leggst á öll fyrirtæki í landinu sem greiða laun, burtséð frá afkomu þeirra, er enn heilu prósentustigi hærri en hann var árið 2007, sjá myndina hér að neðan. Sú mynd sýnir jafnframt að *lækkun* tryggingagjalds, sem ákveðin var 2020, var eingöngu tímabundin og skatturinn hækkaði aftur. Reynslan sýnir hins vegar að tímabundnar *hækkanir* skatta eins og sú sem lögð er til í áætluninni, eiga til að vera varanlegar.

### Hlutfall tryggingagjalds af launagreiðslum (prósent)

Heimild: Ríkisskattstjóri



Að mati FA er í fjármálaáætluninni gengið alltof skammt í hagræðingu á gjaldahlið ríkisrekstrarins. Þess í stað eru lagðar auknar álögur á fyrirtækin í landinu til að fjármagna ósjálfbæra útpenslu ríkiskerfisins. Ríkisstarfsmönnum hefur undanfarin ár fjölgað umfram það sem skatttekjur ríkisins af fólki og fyrirtækjum geta staðið undir.

Á meðal niðurstaðna nýlegrar skýrslu, sem ráðgjafarfyrirtækið Intellecon vann fyrir FA, er að starfsmönnum ríkisins og sveitarfélaga fjölgaði um 21,4% á sex ára tímabili, 2015-2021. Á sama tíma fjölgaði fólki á almennum vinnumarkaði um 3%. Jafnframt kemur fram að langmesta fjölgun starfsmanna undanfarin ár er í opinberri stjórnslu, þ.e. ekki í mennta- eða heilbrigðiskerfinu heldur ýmsum öðrum stofnunum hins opinbera. Þar fjölgaði starfsmönnum um 4.600 á áðurnefndu tímabili, eða um heil sextíu prósent.

Önnur meginniðurstaða skýrslunnar er að í opinberri stjórnslu eru laun orðin betri en almennt gerist á almennum vinnumarkaði. „Þegar borið er saman meðaltal greiddra launa í einkennandi greinum hins opinbera og hjá öðrum starfsstéttum sést að þau eru töluvert hærri hjá þeim er starfa við opinbera stjórnslu en í flestum öðrum atvinnugreinum. Munar þar um 12% á meðaltali allra starfsgreina,“ segir í skýrslu Intellecon.

Í niðurstöðum skýrslunnar segir enn fremur: „Laun hjá hinu opinbera eru orðin samkeppnisfær við almenna markaðinn. Greidd laun í opinberri stjórnslu eru almennt mun hærri en í flestum öðrum starfsgreinum.“

Gögnin sem Intellecon greindi staðfesta í raun aðeins það sem FA hefur heyrt í vaxandi mæli frá félagsmönnum sínum undanfarin ár; að einkafyrirtæki eiga orðið í mesta basli með að keppa um starfsfólk við hið opinbera. Launin í stjórnslunni eru sambærileg eða betri, lífeyrisréttindin til framtíðar þau sömu, vinnutíminn mun þægilegri. Mun lengra var gengið í styttingu vinnuvikunnar hjá opinberum starfsmönnum í síðustu kjarasamningum en á hinum almenna vinnumarkaði.

Hið opinbera þarf að sjálfsögðu að geta fengið hæft starfsfólk, rétt eins og einkageirinn, og til þess þarf að bjóða sambærileg kjör. En sú spurning vaknar óneitanlega þegar þessar staðreyndir liggja fyrir, hvort nokkur ástæða sé þá til að opinberir starfsmenn njóti mun ríkara starfsöryggis en almennir launþegar. Sú er þó raunin ef Alþingi hyggst viðhalda tvískiptri löggjöf um réttindi og skyldur fólks á vinnumarkaði þrátt fyrir að kjörin hafi verið jöfnuð eins og raun ber vitni.

Samkvæmt lögnum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996 njóta þeir langtum ríkari uppsagnarverndar en launþegar á almennum vinnumarkaði. Ekki er hægt að segja upp starfsmanni nema veita honum áminningu fyrst – og það er ákaflega óalgengt. Fullyrða má að ríkisstarfsmaður sé ekki áminntur nema fyrir alvarleg afglöp í starfi. Við það bætist að ákvarðanir um ráðningu og uppsögn opinberra starfsmanna eru í raun stjórnvaldsákvarðanir, sem gerir starfsmannahald hjá hinu opinbera gríðarlega þungt í vöfum.

Kannanir á meðal forstöðumanna ríkisstofnana hafa ítrekað sýnt að þeir telja lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins standa í vegi fyrir skilvirkni, hagræðingu og bættri þjónustu í opinberum rekstri. Flestir sem rekið hafa einkafyrirtæki hafa kynnt þeim erfiða veruleika að þurfa jafnvel að segja upp góðum starfsmönnum vegna þess að illa gengur í rekstrinum og enginn kostur er annar en að lækka kostnað. Hjá hinu opinbera er það hins vegar svo að þótt gerð sé krafa á stofnanir um

hagræðingu eiga þær í raun í mestu erfiðleikum með að segja fólki upp – nema þá með trixum eins og að leggja niður stofnanir og störf.

Breyting á þessum lagaramma er algjört lykilatriði ef hagræðing í ríkisrekstrinum á að skila árangri. Almennar reglur þurfa að gilda hjá ríkinu sem koma í veg fyrir að t.d. frændhygli eða pólitísk tengsl spili inn í mannaáðningar og starfsmannahald, en að öðru leyti ættu að gilda sömu reglur um ráðningar og starfslok og á almenna vinnumarkaðnum. Slíkt myndi gera ríkisreksturinn hagkvæmari, skilvirkari og sveigjanlegri – og auðvelda mjög hagræðingu þegar hennar er þörf, eins og einmitt núna í glímunni við verðbólguna.

FA hvetur Alþingi til að gera breytingar á fjármálaáætluninni og ganga harðar fram í hagræðingu á gjaldahliðinni í stað þess að íþyngja atvinnurekstri í landinu með skattahækkunum á tekjuhliðinni. Samhliða þessu verður þingið að gera bráðnauðsynlegar breytingar á lögunum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, bæði til þess að tryggja að markmið þessarar fjármálaáætlunar nái fram að ganga og til þess að auðveldara verði að hagræða í rekstri ríkisins til framtíðar.

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá er félagið að sjálfsgöðu reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA